



140. fundur í stjórn Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi,
haldinn þann 14.05.2020 kl.16.30 í fjarfundarbúnaði TEAMS

Mætt: Sigursveinn Sigurðsson formaður, Þór Hreinsson, Magðalena Jónsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir og Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri. Agnar Páll Ingólfsson endurskoðandi boðaði forföll.

1. **Afgreiðsla ársreikninga 2019.** Eyjólfur framkvæmdastjóri kynnir ársreikninginn. Stjórn fagnar viðsnúningi á afkomu félagsins á milli ára og samþykkir ársreikning samhljóða. Þar sem fundurinn var rafrænn mun stjórn undirrita reikninginn á næsta stjórnarfundum.
2. **Árskýrsla Fræðslunetsins fyrir 2019.** Eyjólfur fór yfir ársskýrslu með stjórn sem heilt á litið er góð. Stjórn fagnar stöðugri minnkun á brotfalli í námi og námskeiðum.
3. **Erindi frá Birtu starfsendurhæfingu Suðurlands.** Áhugi er til staðar hjá bæði Fræðslunetinu og Birtu starfsendurhæfingu Suðurlands til að skoða sameiningu félaganna. Upphafleg áform gerðu ráð fyrir niðurstöðu með vorinu, en ástand samfélagsins í kringum Covid-19 hefur orðið til frestunar á þessu ferli, allavega fram yfir áramót 2020/2021.
4. **Staða Fræðslunetsins á tímum Covid 19 faraldursins.** Eins og annars staðar í samfélaginu breyttist starfsumhverfi Fræðslunetsins mikið á tímum Covid-19. Starfsfólk vann flest heima í allt að 6 vikur, sumir lengur, og námskeið færðust í fjarnám. Það tókst að klára langflest námskeið, þó að brottfall hafi því miður aukist aðeins.
5. **Önnur mál**
 - a. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ýmsu úr starfsemi Fræðslunetsins og lagði fram minnisblað þess efnis dagsett 14. maí 2020. Eitt af málum minnisblaðsins fjallar um mögulega aukningu tímabundið í ráðgjöf og fræðslu í haust í kjölfar viðbragða stjórnvalda við Covid-19 ástandi. Stjórn felur framkvæmdastjóra að útfæra starfsmannþörf við slíkar aðstæður.



- b. Sigursveinn leggur fram tillögu tengda formennsku Eyjólfssonar framkvæmdastjóra í Kvasi, vegna framlags frá Kvasi til Fræðslunetsins. Eftir umræður bókar stjórn eftirfarandi: Stjórn Fræðslunets Suðurlands samþykkir að Fræðslunetið greiði framkvæmdastjóra þess mánaðarlega þóknun vegna viðbótarstarfa hans sem formaður Kvasis. Þóknunin er greidd framkvæmdastjóra samkvæmt reikningi hans og skal vera allt að 90% af mánaðarlegu framlagi Kvasis til Fræðslunetsins vegna formennsku hans. Tímabil þóknunar hefst 1. júní 2019 og lýkur í maí 2021.

Fundi slitið kl. : 18:33

Fundargerð ritaði Laufey Ósk Magnúsdóttir